

JÓHANNES GÍSLI JÓNSSON

Táknmál og raddmál

Tvær greinar af sama meiði

Tungumálum heims má skipta í tvo meginflokka eftir því hvernig þau eru tjáð og skilin, það er raddmál og táknmál. Í raddmálum er mannsröddin notuð til tjáningar og heyrnin til að nema það sem sagt er en táknmál byggjast á handahreyfingum og ýmiss konar látbrigðum (e. *non-manuals*) táknarans og sjónskynjun viðtakandans.¹ Raddmál og táknmál hafa því mjög ólíkan miðlunarhátt (e. *modality*) og virðast eiga fátt sameiginlegt við fyrstu sýn. Samt sem áður er hægt að sýna fram á að táknmál hafi málfræðilega formgerð sem er í grundvallaratriðum eins og í raddmálum. Það eru þó ekki nema rúm 60 ár síðan fyrst voru færð rök fyrir þessari skoðun en fram að þeim tíma höfðu alls kyns ranghugmyndir verið uppi meðal fræðimanna um eðli táknmála enda voru þá engar rannsóknir til að styðjast við. En eins og umfjöllunin hér að neðan sýnir verður hinn sameiginlegi grunnur táknmála og raddmála aðeins leiddur í ljós með rannsóknum og fræðilegri greiningu sem tekur mið af ýmsum óhlutstæðum eiginleikum tungumála.

Í þessari grein verður fjallað um það sem táknmál og raddmál eiga sameiginlegt þrátt fyrir ólíkan miðlunarhátt. Um þetta efni hefur lítið verið skrifað á íslensku þótt vissulega megi finna samanburð á tilteknum atriðum í táknmálum og raddmálum í skrifum um íslenskt táknmál (ÍTM).² Tekin verða dæmi af ólíkum sviðum málsins og rætt um mikilvæg málfræðihugtök sem eiga jafnt við um táknmál og raddmál. Einnig verður fjallað um nokkur

¹ Með hugtakinu látbrigðum er átt við hvers kyns tjáningu í táknmálum sem felur ekki í sér notkun handanna, til dæmis hreyfingu axla, svipbrigði, munnhreyfingar og aughnreyfingar.

² Ýtarlegasta umfjöllunin er hjá Elísu Guðrúnu Brynjólfsdóttur, Jóhannesi Gísla Jónssyni, Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur og Rannveigu Sverrisdóttur, „Málfræði íslenska táknmálsins“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 34, 2012, bls. 9–52.



atriði sem skilja á milli táknmála og raddmála og tengjast ólíkum miðlunarhætti málanna. Táknmálsdæmin í þessari grein eru úr ýmsum áttum en flest eru þó úr ÍTM og er þar meðal annars stuðst við vefsíðuna is.signwiki.org en þar má finna upplýsingar um öll þau tákn úr ÍTM sem hér er fjallað um.

Rannsóknarsagan

Rannsóknir á málfræði táknmála hófust ekki fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar en fram að þeim tíma var það ríkjandi skoðun meðal málfræðinga að táknmál væru ekki náttúruleg tungumál á sama hátt og raddmál. Þessi viðhorf koma skýrt fram í eftirfarandi orðum sem oft er vitnað til en þau er að finna í einu þekktasta riti um málvísindi frá fyrri hluta 20. aldar:³

Sum samfélög hafa mál byggð á hreyfitáknum (e. *gesture*) sem stundum eru notuð í stað raddmála. Slík mál eru þekkt meðal lágstétta í Napólí, munda af Trappe-reglunni (sem hafa svarið þagnareið), indíána á Vestursléttunum (þar sem ættbálkar sem tala ólík mál hittast til að versla með vörur og heyja stríð) og hjá heyrnar- og mállausu fólki.

Það virðist alveg ljóst að þessi mál eru einungis afsprengr venjulegra hreyfitákna og jafnframt að öll flókin og torskilin hreyfitákn byggjast á venjulegu tali.

Samkvæmt þessu eru táknmál byggð á raddmálum ef undan eru skilin einföld og auðskiljanleg hreyfitákn. Þessi skoðun kann að hafa mótast af miðlunarhætti táknmála en ef til vill skiptir líka máli sú staðreynd að táknmál hafa takmarkaða útbreiðslu. Táknmál eru því langoftast algjör minnihlutamálin í þeim samfélögum þar sem þau eru notuð og hafa veika félagslega stöðu.⁴ Þó má finna dæmi um útbreidda notkun táknmáls meðal heyrandi fólks og það frægasta tengist líklega eyjunni Martha's Vineyard undan ströndum Massachusetts. Þar var táknmál talsvert notað á 18. og 19. öld vegna þess að heyrnarleysi var óvenjulega algengt í sumum byggðarlögum á eyjunni.⁵

³ Leonard Bloomfield, *Language*, London: George Allen & Unwin Ltd., 1933, bls. 39. Svipaða skoðun má sjá hjá Edward Sapir, *Language. An Introduction to the Study of Speech*, New York: Harcourt, Brace & Company, 1921, bls. 19–21. Þýðing greinarhöfundar.

⁴ Ceil Lucas, ritstjóri, *The Sociolinguistics of Sign Languages*, Cambridge: Cambridge University Press, 2001.

⁵ Nora Ellen Groce, *Everyone Here Spoke Sign Language. Hereditary Deafness on Martha's Vineyard*, Cambridge: Harvard University Press, 1985.

Sú skoðun sem fram kemur í tilvitnuninni hér að ofan endurspeglar þá þekktu ranghugmynd um táknmál að þau séu lítið annað en látbragð og hreyfitákn sem líti engum málfræðireglum eins og raddmál gera.⁶ Þannig séu táknmál sambærileg við það tilbúna mál sem verður til þegar tveir heyrandi einstaklingar sem ekki tala sama tungumál og reyna að gera sig skiljanlega hvor fyrir öðrum með bendingum og látbragði. Fræðimenn hafa hins vegar bent á að táknmál hafi flókna málfræðilega formgerð ekkert síður en raddmál og líti ýmsum hömlum sem gilda ekki um bendingar og látbragð.⁷ Til dæmis eru tákn yfirleitt aðeins mynduð innan táknrýmisins, það er svæðisins sem nær frá mitti táknarans og upp að hvirfli. Þá hafa rannsóknir sýnt að hæfnin til bendinga og látbragðs stjórnast af öðrum svæðum í heilanum en hæfnin til að nota tungumál, hvort sem það eru táknmál eða raddmál.⁸

Til að varpa skýrara ljósi á eðli táknmála sem tungumála er líka áhugavert að bera þau saman við svonefnd hliðartáknmál (e. *secondary sign languages, alternate sign languages*).⁹ Þessi mál eiga að auðvelda samskipti milli heyrandi einstaklinga í kringumstæðum þar sem erfitt er að nota raddmál, til dæmis vegna mikils hávaða. Hliðartáknmál eru þó ekki jafnþróuð og táknmál og þau eru yfirleitt undir sterkum áhrifum frá nágrannaraddmáli. Það er þó rétt að benda á að ýmsar samsvaranir eru milli látbrigða í táknmálum og hreyfitákna sem oft fylgja raddmálum.¹⁰ Til dæmis er mjög algengt að tjá neitun með því að hrista höfuðið í táknmálum, bæði með og án sérstaks neitunartákns.¹¹

Á fyrri hluta 20. aldar töldu málfræðingar að tákn í táknmálum væru órjúfanlegar heildir og hefðu því enga innri formgerð eins og orð í radd-

⁶ Þessi ranghugmynd hefur víða verið rædd; sjá til dæmis Trevor Johnston og Adam Schembri, *Australian Sign Language (Auslan). An Introduction to Sign Language Linguistics*, Cambridge: Cambridge University Press, 2007, bls. 14; Nancy Frisberg, „Arbitrariness and Iconicity. Historical Change in American Sign Language“, *Language* 51, 1975, bls. 696–719, hér bls. 697.

⁷ Sjá Karen Emmorey, *Language, Cognition, and the Brain. Insights from Sign Language Research*, Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates, 2002, bls. 2.

⁸ David P. Corina, Jyotsna Vaid og Ursula Bellugi, „The Linguistic Basis of Left Hemisphere Specialization“, *Science* 255, 5049, 1992, bls. 1258–1260.

⁹ Roland Pfau, „Manual Communication Systems. Evolution and Variation“, *Sign Language. An International Handbook*, ritstjórar Roland Pfau, Markus Steinbach og Bencie Woll, Berlin: De Gruyter Mouton, 2012, bls. 513–551.

¹⁰ Adam Kendon, *Gesture. Visible Action as Utterance*, Cambridge: Cambridge University Press, 2004.

¹¹ Ulrike Zeshan, „Hand, Head, and Face. Negative Constructions in Sign Languages“, *Linguistic Typology* 8, 2004, bls. 1–58.

málum. Árið 1960 birtist fræg grein þar sem því var haldið fram að notkun talfæra væri einn af mikilvægustu þáttunum sem greindi mannleg mál frá samskiptakerfum dýra.¹² Sama ár varð William C. Stokoe (1919–2000) fyrstur manna til að færa rök fyrir því að táknmál væru byggð upp á samskonar einingum og raddmál.¹³ Hann benti á að táknmál hefðu merkingarlausar einingar sem hægt væri að flétta saman og mynda merkingarbær tákni á sama hátt og hljóðum er raðað upp til að mynda orð í raddmálum. Það er ekki ofmælt að segja að þetta sé ein mikilvægasta uppgötvun í málvísindum á 20. öld þótt hún hafi ekki vakið mikla athygli meðal málfræðinga á sínum tíma og ekki hrundið af stað ýtarlegum rannsóknum fyrr en á áttunda áratugnum.¹⁴ En þessi uppgötvun lagði grunninn að algjörri viðhorfsbreytingu gagnvart táknmálum og fræðimenn fóru nú smám saman að líta á táknmál sem náttúruleg tungumál og rannsaka þau með aðferðum og hugtökum sem eru þekkt úr rannsóknum á raddmálum. Þessar rannsóknir hafa fest enn betur í sessi þá kenningu að táknmál og raddmál séu í raun tvær greinar af sama meiði eins og nánar verður rakið hér að neðan.

Grunnbreyturnar fimm

Þær merkingarlausu einingar í táknmálum sem Stokoe uppgötvaði eru handform, hreyfing og staðsetning en afstöðu lófanna er nú yfirleitt bætt við sem fjórðu einingunni.¹⁵ Látbrigði eru oft talin fimmta einingin og er þar einkum átt við munnhreyfingar. Staða þeirra er þó svolítið óljós vegna þess að sumum táknum fylgja engar munnhreyfingar og það er einnig misjafnt milli málhafa hversu mikið þeir nota munnhreyfingar.¹⁶ Þó eru dæmi um að munnhreyfingar séu aðgreinandi í merkingarlega náskyldum táknum í ÍTM,

¹² Charles Hockett, „The Origin of Speech“, *Scientific American* 203, 1960, bls. 88–96, hér bls. 90.

¹³ William C. Stokoe, „Sign Language Structure. An Outline of the Visual Communication System of the American Deaf“, *Studies in Linguistics, Occasional Papers, Volume 8*, Buffalo, New York: University of Buffalo, 1960, bls. 3–37.

¹⁴ Elissa L. Newport og Ted Suppala, „Sign Language Research at the Millennium“, *The Signs of Language Revisited. An Anthology to Honor Ursula Bellugi and Edward Klima*, ritstjórar Karen Emmorey og Harlan Lane, Hillsdale, NJ: Erlbaum, 2000, bls. 103–114.

¹⁵ Robbin Battison, *Lexical Borrowing in American Sign Language*, Silver Spring: Linstok Press, 1978.

¹⁶ Um munnhreyfingar í táknmálum almennt má lesa hjá Penny Boyes Braem og Rachel Sutton-Spence (ritstjórar), *The Hands are the Head of the Mouth. The Mouth as Articulator in Sign Languages*, Hamburg: Signum, 2001.



Mynd 1 SYSTIR



Mynd 2 BRÓÐIR

sbr. BRÓÐIR og SYSTIR (sjá myndir 1 og 2).¹⁷ Þessi tvö tákn eru mynduð þannig að vísifingur beggja handa snertast í miðju táknrýminu; eini munurinn er sá að tákninu BRÓÐIR fylgir munnhreyfingin <bró> en tákninu SYSTIR fylgir munnhreyfingin <sys>.¹⁸

Þessar fimm einingar sem notaðar eru til að mynda tákn í táknmálum kallast grunnbreytur (e. *parameters*). Sem dæmi um það hvernig tákn byggjast á grunnbreytum má nefna FLUGA (<https://is.signwiki.org/index.php/Fluga>) í ÍTM. Það tákn er myndað með svonefndu O-handformi og hægri taktbundinni hreyfingu handarinnar út í táknrýmið frá líkama táknarans þar sem lófarnir snúa frá táknaranum. Þar að auki kemur munnhreyfingin <flug> með þessu tákni. Táknid FLUGA byggist því á fimm grunnbreytum: handformi, myndunarstað (sem er rýmið fyrir framan táknarann í þessu tilviki), hreyfingu, afstöðu lófanna og munnhreyfingu. Þessar grunnbreytur hafa enga merkingu einar og sér og eru að því leyti sambærilegar hljóðum í raddmálum. Merkingin verður til þegar allar grunnbreyturnar eru táknadaðar, á sama hátt og merkingarlausu hljóðin í íslenska orðinu *fluga*, [f], [l], [v:], [ʃ] og [a], þurfa að raðast saman til að mynda merkingarbært orð.

Hljóð eru þó ólík grunnbreytum táknmála að því leyti að þau verða að koma í tiltekinni röð. Til þess að mynda íslenska orðið *fluga* þurfa hljóðin að raðast upp eins og sýnt er í (1a). Raðir eins og þær sem fram koma t.d. í (1b) og (1c) duga ekki þótt þær samræmist reglum um leyfilega röð hljóða í íslensku:

¹⁷ Tákn úr ÍMT eru jafnan glósuð á íslensku með stórum stöfum í uppflettimynd orðanna og þeirri hefð er fylgt hér.

¹⁸ Munnhreyfingar eru glósaðar innan oddklofa með þeim raddmálshljóðum sem þær líkja eftir.

- (1a) f + l + u + g + a (*fluga*)
- (1b) f + u + l + a + g (*fulag*)
- (1c) a + f + l + u + g (*aflug*)

Í táknum eru allar grunnbreyturnar tjáðar á sama tíma. Þannig kemur handformið hvorki á undan né á eftir hreyfingunni í táknum FLUGA því það helst í gegnum alla hreyfinguna frá líkama táknaans og út í táknrýmið. Því er oft sagt að táknum einkennist af sammyndum (e. *simultaneous formation*) en raddmál af raðmyndun (e. *sequential formation*). Sammyndun í táknum byggist einnig á því að táknum hafa mörg „talfæri“ (e. *articulators*), það er tvær hendur, líkama, andlit og höfuð. Til dæmis er hægt að mynda táknum með höndunum á sama tíma og merkingarbær látbrigði eru tjáð í andliti. Þannig eru já/nei-spurningar myndaðar í ÍTM og fleiri táknum með því að lyfta augabrúnum á meðan setningin er táknuð.¹⁹ Miðlunarháttur táknuma gerir því sammyndun mögulega í þessu tilviki.²⁰

Raðmyndun gegnir þó líka mikilvægu hlutverki í táknum, meðal annars í myndun samsettra orða. Þannig er samsetta orðið HÚSFÉLAG (<https://is.signwiki.org/index.php/Húsfélag>) myndað með því að raða saman HÚS og FÉLAG og setning eins og til dæmis GAMALL MAÐUR LESA BÓK ‘gamli maðurinn las bókina’ byggist á fjórum orðum sem koma í tiltekinni röð. Þar að auki skiptist setningin í nafliðið GAMALL MAÐUR sem kemur á undan sagnliðnum LESA BÓK. Sammyndun er heldur ekki óþekkt í raddmálum og það má til dæmis sjá í hljóðvörpum í íslensku, sbr. *taka* – *tók* þar sem þátíð fram-söguháttar í seinni beygingarmyndinni er táknuð með sérhljóðinu /ó/ sem er hluti af rót orðsins og kemur því hvorki á undan né á eftir rótinni.

Í sumum táknum, til dæmis táknum FLUGA sem fjallað var um hér að ofan, er aðeins notuð ein hönd og það er yfirleitt hægri höndin hjá réttthentum táknum en vinstri höndin hjá örvhentum. Þessi táknum nefnast stakhandar-táknum (e. *one-handed signs*). Hins vegar eru ýmis táknum mynduð með báðum höndum, svonefnd tvíhandatáknum (e. *two-handed signs*). Í slíkum táknum geta báðar hendur verið virkar í þeim skilningi að þær hreyfast báðar, sbr. BÓK í ÍTM (sjá mynd 4). Hitt er líka mögulegt að einungis önnur höndin sé virk.

¹⁹ Elísa Guðrún Brynjólfsdóttur o.fl., „Málfræði íslenska táknumálsins“, bls. 36.

²⁰ Á það hefur líka verið bent að sjón gagnist almennt betur en heyrn til að nema sammyndun í máli en heyrnin henti betur fyrir raðmyndun; sjá til dæmis Richard Meier, „Why Different, Why the Same? Explaining Effects and Non-Effects of Modality upon Linguistic Structure in Sign and Speech“, *Modality in Language and Linguistic Theory*, ritstjórar Richard Meier, Kearsy Cormier og David Quinto-Pozos, Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 1–25.



Mynd 3 LEST



Mynd 4 BÓK

Hin höndin hreyfist þá ekki en hefur samt tiltekið handform, afstöðu og myndunarstað, sbr. táknið LEST í ÍTM (sjá mynd 3). Að nota báðar hendur eykur stórlega möguleika á því að mynda tákn sem endurspeglar merkingu táknsins á einhvern hátt en um endurspeglun er nánar rætt hér að neðan.

Hinn sameiginlegi grunnur

Í þessum kafla verður fjallað um ýmis atriði sem raddmál og táknmál eiga sameiginleg þrátt fyrir gerólíkan miðlunarhátt. Það sem hér kemur fram er að langmestu leyti byggt á rannsóknum á erlendum táknmálum og er engan veginn tæmandi upptalning en ætti þó að duga til að sýna fram á greinilegar hliðstæður milli tákna og raddmála í mörgum mikilvægum atriðum.

Sköpunarmáttur

Eitt mikilvægasta einkenni mannglegra mála er sköpunarmátturinn sem í þeim býr og birtist í því að málnotendur geta myndað og skilið óendanlega margar setningar sem hafa aldrei verið sagðar áður. Þetta á jafnt við um raddmál og táknmál. Það eru heldur engin málfræðileg takmörk fyrir því hversu langar málsgreinar geta orðið og það gildir að sjálfsögðu um öll tungumál.

Sköpunarkraftur tungumálsins er ekki bundinn við setningar því einnig er hægt að búa til endalausán fjölda af nýjum orðum og þess vegna er orðaförði hvers tungumáls í raun óendanlegur. Þetta má sjá til dæmis á öllum þeim orðum sem hafa orðið til í kórónuveirufaraldrinum. Í íslensku má nefna orð eins og *úrvinnslusóttkví*, *smítgát*, *kóviti*, *nándarmörk* og mörg fleiri og í ÍTM hafa einnig verið búin til fjölmörg nýyrði af þessu tagi, t.d. RAÐGREINA (<https://is.signwiki.org/index.php/Raðgreina>), FRAMLÍNUSTARFSFÓLK (<https://is.signwiki.org/index.php/Framlínustarfsfólk>) og SMITSKÖMM (<https://is.signwiki.org/index.php/Smitskömm>).

org/index.php/Smitskömm). Þessi samsettu orð í ÍTM eru byggð upp á sama hátt og samsvarandi orð í íslensku. Þetta er þó alls ekki algilt og til eru orð sem eru samsett í ÍTM en ekki íslensku eða öfugt. Þannig er TÓMATUR (<https://is.signwiki.org/index.php/Tómatgur>) í ÍTM samsett úr orðunum RAUÐUR + BER og HRAFN/KRUMMI (<https://is.signwiki.org/index.php/Krummi>) er sett saman úr SVARTUR + FUGL.

Málnotkun

Öll tungumál eru notuð á sama hátt, það er til að gefa skipanir, setja fram óskir, spyrja spurninga, segja sögur, rökræða, spjalla um daginn og veginn, framkvæma athafnir og svo framvegis. Þessi fjölbreytni í málnotkun endurspeglast í kenningum sem settar hafa verið fram um talgjörðir (e. *speech acts*) í tungumálum og þær eiga jafnt við um raddmál og táknmál. Talgjörðir skiptast í fimm meginflokka, staðhæfingar (e. *assertives*), bindingar (e. *commissives*), stýringar (e. *directives*), tjáningar (e. *expressives*) og yfirlýsingar (e. *declarations*), og þessir flokkar skiptast í ýmsa undirflokka. Allir meginflokkarnir fimm koma fyrir í táknmálum og reyndar er ekki vitað um neinn kerfisbundinn mun á talgjörðum í táknmálum og raddmálum.²¹

Samskipti fólks á öllum tungumálum byggjast á samvinnulögmálum sem eru kennd við breska heimspekinginn Herbert Paul Grice (1913–1988).²² Þessi lögmál snúast í meginatriðum um það að þátttakendur í samtali eiga að halda sig við efnið, segja það sem er satt og skiptir máli í samtalinu og tjá sig þannig að það valdi ekki misskilningi. Málnotendur gera almennt ráð fyrir því að þessi lögmál séu virt í samtölum og það auðveldar þeim að túlka það sem sagt er. Tjáskipti í táknmálum lúta þessum lögmálum ekkert síður en samtöl í raddmálum.²³

Rannsóknir hafa líka sýnt að táknmál og raddmál eru alveg jafnhentug sem tjáningartæki. Það tekur til dæmis álíka langan tíma að tjá tiltekna staðhæfingu, hvort sem það er á raddmáli eða táknmáli þótt það taki næstum

²¹ Josep Quer, Carlo Cecchetto, Caterina Donati, Carlo Geraci, Meltem Keleşir, Roland Pfau og Markus Steinbach, *SignGram Blueprint. A Guide to Sign Language Grammar Writing*, Berlin: De Gruyter Mouton, 2017, bls. 692–700.

²² Sjá Herbert Paul Grice, „Logic and Conversation“, *Syntax and Semantics 3. Speech Acts*, ritstjórar Peter Cole og Jerry L. Morgan, New York: Academic Press, 1975, bls. 41–58.

²³ Anne Baker og Beppie van den Bogaerde, „Communicative Interaction“, *Sign Language. An International Handbook*, ritstjórar Roland Pfau, Markus Steinbach og Bencie Woll, Berlin: De Gruyter Mouton, 2012, bls. 489–512.

Því tvöfalt lengri tíma að mynda tákn en orð.²⁴ Þetta helgast meðal annars af því að táknmál hafa lítið af merkingarsnauðum hlutverksorðum, til dæmis samtengingum og forsetningum, og því eru setningar á táknmáli yfirleitt mun styttri en samsvarandi setningar á raddmáli.²⁵ Þetta má sjá í eftirfarandi dæmum þar sem ensk setning er þýdd yfir á amerískt táknmál (ASL):²⁶

(2a) It is illegal to drive on the left of the road

(2b) ÓLÖGLEGUR KEYRA VINSTRA-MEGIN (ASL)

Þótt ASL virðist talsvert einfaldara hér en enska fer því fjarri að táknmál séu almennt einfaldari mál en raddmál því ýmis flókin málfræðiatríði koma fyrir í táknmálum en ekki raddmálum. Hér má sem dæmi nefna áttbeygingu sagna sem nánar er fjallað um síðar í þessari grein. Auk þess sýna rannsóknir að máltaka tákn mála tekur um það bil jafnlangan tíma og máltaka raddmála. Ef táknmál væru einfaldari og þar með auðlærðari en raddmál ætti sá munur að koma fram í hraðari máltöku tákn mála.

Máltaka

Rannsóknir sýna að máltaka barna þróast á mjög svipaðan hátt í táknmálum og raddmálum og tekur álíka langan tíma.²⁷ Þetta er reyndar nákvæmlega það sem við er að búast ef máltakan fylgir ákveðinni forskrift sem er líf-fræðilega skilyrt eins og hin þekktu kenning um meðfædda málkunnáttu (e. *the innateness hypothesis*) felur í sér. Samkvæmt þessari kenningu fæðast börn með ákveðnar væntingar um málfræði móðurmálsins, hvort sem það er táknmál eða raddmál, til dæmis það að reglur setningafræðinnar byggjast á formgerð en ekki orðatalningu.

Máltökunni má skipta í nokkur stig og þau virðast vera þau sömu í öllum tungumálum. Með hverju stigi færast börnin nær því að ná valdi á máli hinna fullorðnu en þó getur verið misjafnt hversu hratt einstök börn fara í gegnum

²⁴ Ursula Bellugi og Susan Fischer, „A Comparison of Sign Language and Spoken Language“, *Cognition* 1: 2-3/1972, bls. 173–200.

²⁵ Sjá til dæmis Anne Baker, Beppie van den Bogaerde, Roland Pfau og Trude Schermer, ritstjórar, *The Linguistics of Sign Languages. An Introduction*, Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company, 2016, bls. 104–113.

²⁶ Ursula Bellugi og Susan Fischer, „A Comparison of Sign Language and Spoken Language“, bls. 186.

²⁷ Elissa L. Newport og Richard P. Meier, „The Acquisition of American Sign Language“, *The Crosslinguistic Study of Language Acquisition*, Vol. 1: *The Data*, ritstjóri Dan I. Slobin, Hillsdale, NJ: Lawrence Erlbaum Associates, 1985, bls. 881–938.

hvert stig. Eitt þessara stiga er hjalstigið en það kemur áður en börn fara að mynda heil orð og einkennist af því hjá heyrandi börnum að þau endurtaka valin hljóð í móðurmáli sínu. Heyrnarlaus börn fara einnig í gegnum þetta stig en hjá þeim einkennist það af því að þau endurtaka ýmsar hreyfingar með höndunum. Þetta hefur því verið nefnt handhjal (e. *manual babbling*).²⁸

Auk þess er sérstakt næmisskeið í máltöku tákna mála ekkert síður en raddmála.²⁹ Þetta tímabil nær frá um það bil 2 ára aldri og fram að kynþroska en þá eiga börn sérstaklega auðvelt með að læra tungumál. Þetta tímabil gegnir því lykilhlutverki í máltökunni. Því miður er þó algengt að heyrnarlaus börn byrji ekki að læra tákna mála fyrr en nokkuð er liðið á næmisskeiðið.³⁰ Helsta ástæðan er sú að þau eiga langoftast heyrandi foreldra sem kunna ekki tákna mála og börnin fá því ekki nauðsynlegt tákna málsílag fyrstu árin en aðrir þættir skipta líka máli.³¹

Börn gera ýmsar villur á máltökuskeiðinu áður en þau ná fullu valdi á móðurmáli sínu og þær felast meðal annars í því að ýmis regluleg eða algeng mynstur eru alhæfð á kostnað mynstra sem eru óregluleg eða sjaldgæf í málumhverfi barnanna. Þekkt dæmi um þetta úr íslensku eru þátíðarmyndir eins og *kaup*ti eða *hlaupa*ði í staðinn fyrir óreglulegu en jafnframt hefðbundnu myndirnar *keypti* og *hljóp*. Dæmi af þessu tagi sýna að börn búa sér til sínar eigin reglur en herma ekki bara eftir því sem þau heyra í máli fullorðinna. Þetta má líka sjá í tákna máli, til dæmis þegar börn læra *hv*-spurningar í ASL og fara í gegnum nokkur stig áður en þau ná tökum á myndun spurnar-tákna mála og látbrigðunum sem fylgja *hv*-spurningum.³² Þá hafa rannsóknir leitt í ljós mikil líkindi milli heyrandi og heyrnarlausra barna í máltöku for-

²⁸ Laura Ann Petitto og Paula F. Marentette, „Babbling in the Manual Mode. Evidence for the Ontogeny of Language“, *Science* 251, 1991, bls. 1493–1496.

²⁹ Elissa Newport, „Maturational Constraints on Language Learning“, *Cognitive Science* 14, 1990, bls. 11–28. Næmisskeiðið sýnir vel hinar líffræðilegu forsendur tungumálsins en þær koma líka skýrt fram í málstoli sem birtist með mjög líkum hætti í tákna máli og raddmáli; sjá Howard Poizner, Edward S. Klima og Ursula Bellugi, *What the Hands Reveal about the Brain*. Cambridge, MA: The MIT Press, 1987.

³⁰ Rachel I. Mayberry, „When Timing is Everything. Age of First-Language Acquisition Effects on Second-Language Learning“, *Applied Psycholinguistics* 28: 3/2007, bls. 537–549.

³¹ Sama rit, bls. 538–539.

³² Judy Reilly, „How Faces Come to Serve Grammar. Development of Nonmanual Morphology in American Sign Language“, ritstjórar Brenda Schick, Marc Marschark og Patricia Elizabeth Spencer, *Advances in Sign Language Development by Deaf Children*, New York: Oxford University Press, 2006, bls. 262–290.

nafna því báðir hópar ná fyrst valdi á fyrstu persónu í fornöfnum, svo annarri persónu og loks þriðju persónu. Þar að auki endurtaka börnin sérnöfn áður en þau læra að nota persónufornöfn sem vísa til sérnafna.³³

Ólík svið málfræðinnar

Málfræði tungumála skiptist í ólík svið eftir stærð þeirra eininga sem þar eiga hlut að máli, þ.e. hljóðkerfisfræði, orðhlutafræði (beygingar- og orðmyndunarfræði) og setningafræði. Hljóðkerfisfræði snýst um merkingarlausar einingar, það er hljóð í raddmálum og grunnbreytur í táknmálum, orðhlutafræði fjallar um morfem, minnstu merkingarbæru einingar málsins, og setningafræði fæst við orð, setningaliði, setningar og málsgreinar. Þótt þessi svið tungumálsins tengist á ýmsan hátt eru þau skýrt aðgreind að því leyti að þau lúta ólíkum lögmálum. Þar að auki eru ýmsar hömlur á samspili þessara sviða. Þannig hefur setningafræðin ekki aðgang að upplýsingum um innri gerð orða og gerir því ekki greinarmun á orðum eftir því til dæmis hversu mörg morfem þau innihalda.³⁴ Frá sjónarhóli setningafræðinnar er því enginn munur á orðum eins og til dæmis *mús* og *hagamús*. Setningafræðin er líka blind á hljóðkerfisþætti sem tengjast einstökum máhljóðum, til dæmis myndunarhátt og myndunarstað. Það er því ekki til nein regla í setningafræðinni sem byggist á slíkum þáttum, til dæmis regla sem kveður á um að það megi fresta frumlögum í íslensku ef þau enda á /r/ en annars ekki. Samkvæmt þessari ímynduðu reglu væri setningin *Það eru flugur í eldhúsinu* góð og gild en setningin *Það eru börn í garðinum* væri hins vegar ótæk.

Það sjálfstæði ólíkra sviða málfræðinnar sem hér hefur verið rætt er eitt af grundvallareinkennum mannlegs máls. Það er að minnsta kosti mjög erfitt að ímynda sér tungumál sem brýtur gegn þessu sjálfstæði, sbr. tilbúnu dæmin sem tekin voru hér að ofan. Í fræðilegum skrifum um táknmál er því gert ráð fyrir því að táknmál séu eins og raddmál hvað þetta varðar og mér er ekki kunnugt um að nein rök hafi verið færð fyrir hinu gagnstæða.³⁵

³³ Laura Ann Petitto, „The Transition from Gesture to Symbol in American Sign Language“, *From Gesture to Language in Hearing and Deaf Children*, ritstjórar Virginia Volterra og Carol J. Erting, Berlin: Springer-Verlag, 1990, bls. 153–161.

³⁴ Þessi takmörkun fellur undir kenningu sem oft er kölluð *lexical integrity hypothesis*; sjá umræðu hjá Paul O’Neill, „Lexicalism, the Principle of Morphology-free Syntax and the Principle of Syntax-free Morphology“, *The Cambridge Handbook of Morphology*, ritstjórar Andrew Hippisley og Gregory Stump, Cambridge: Cambridge University Press, 2016, bls. 237–271.

³⁵ Sjá til dæmis umræðu um sjálfstæði setningafræðinnar í táknmálum hjá Diane Lillo-Martin, „Where are All the Modality Effects?“, *Modality in Language and Linguistic*

Hér að neðan verður rætt um hljóðkerfisfræði, orðhlutafræði og setningafræði táknmála með samanburði við raddmál. Í öllum þessum hlutum málkerfisins er niðurstaðan hin sama, það er að samsvaranir milli táknmála og raddmála séu mjög skýrar og bendi eindregið til þess að málkerfi táknmála sé í grundvallaratriðum eins og málkerfi raddmála.

Hljóðkerfisfræði

Eins og áður hefur komið fram hafa bæði raddmál og táknmál merkingarlausar einingar sem hægt er að setja saman þannig að úr verði stærri einingar sem bera merkingu. Af þessum sökum er alvanalegt að tala um hljóðkerfisfræði þegar rætt er um kerfi merkingarlausra eininga í táknmálum ekkert síður en raddmálum. Samt sem áður er málfræðilegur munur táknmála og raddmála mestur í hljóðkerfisfræðinni enda tengist hún miðlunarhætti tungumála meira en önnur svið málfræðinnar.

Merkingarlausar einingar eru breytilegar milli mála, bæði í táknmálum og raddmálum. Til dæmis er íslenska með ýmis óródduð nefhljóð sem eru ekki til í flestum tungumálum heims en vantar raddaða blísturshljóðið [z] sem kemur til dæmis fyrir í ensku, sbr. orð eins og *zoo*. Það sama á við um handform í táknmálum. Þannig eru tiltekin handform notuð í sumum táknmálum en ekki öðrum. Í taivanska táknmálinu (TSL) er t.d. notað handform þar sem baugfingur stendur einn út en þetta handform er ekki til í ástralska táknmálinu (Auslan)³⁶ og reyndar heldur ekki í ÍTM.

Munur á grunnbreytum er ekki alltaf merkingarlega aðgreinandi í táknmálum rétt eins og ólík hljóð eru ekki alltaf aðgreinandi í raddmálum. Hér má taka sem dæmi táknið TAKK í ÍTM sem hægt er að mynda bæði með B-handformi og Bb-handformi (sjá myndir 5 og 6).³⁷ Þessi tvö handform eru nákvæmlega eins nema að seinna handformið er bogið. Ekki er vitað um nein tvö tákni í ÍTM sem eru eins að því undanskildu að annað er með B-handform en hitt með Bb-handform.³⁸ Munurinn á þessum handformum er því ekki merkingargreinandi í ÍTM. Þessi tvö handform eru því allófónar

Theory, ritstjórar Richard Meier, Kearsy Cormier og David Quinto-Pozos, Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 241–262, hér bls. 241–244.

³⁶ Trevor Johnston og Adam Schembri, *Australian Sign Language (Auslan). An Introduction to Sign Language Linguistics*, Cambridge: Cambridge University Press, 2007, bls. 12.

³⁷ Sjá Elísu Guðrúnu Brynjólfsdóttur o.fl., „Málfræði íslenska táknmálsins“, bls. 19.

³⁸ Þessar upplýsingar hef ég frá Rannveigu Sverrisdóttur. Hér er þó frekari rannsóknna þörf.



Mynd 5 TAKK Bhf



Mynd 6 TAKK Bbhf

(e. *allophones*) af sama fóneminu (e. *phoneme*), það er tvær aðgreindar birtingarmyndir sömu óhlutstæðu einingarinnar, svo notuð séu þekkt hugtök úr hljóðkerfisfræði.

Raddað og óraddað /m/ í íslensku eru líka tveir allófónar af sama /m/-morfeminu enda skiptir munurinn á þessum hljóðum ekki máli fyrir merk-inguna. Það eru með öðrum orðum engin orðapör í íslensku þar sem eini munurinn er raddað vs. óraddað /m/ en slík pör nefnast lágmarkspör (e. *minimal pairs*). Raddað og óraddað /m/ eru því í fyllidreifingu (e. *complementary distribution*), það er þau koma aldrei fyrir í sama umhverfi. Þannig er /m/ óraddað á undan /p, t, k/ (sbr. *lampi*, *heimta* og *rýmka*) en annars er /m/ raddað (sbr. *moli*, *gramsa*, *rúm*, *lemja*, *hamra* og svo framvegis).³⁹ Í svo-nefndum röddunarframburði, sem er einkum þekktur á Norðurlandi, er þó borið fram raddað /m/ á undan lokhljóðunum /p, t, k/.

Þá hafa verið færð rök fyrir því að táknmál hafi atkvæði sem grundvallar-einingu ekkert síður en raddmál. Samkvæmt þessari hugmynd er hreyfing kjarni (e. *nucleus*) hvers atkvæðis í táknmálum, en ekki staðsetning eða handform, og gegnir því sama hlutverki og sérhljóð í raddmálum.⁴⁰ Rökin fyrir þessu byggjast á ýmiss konar samsvörunum milli hreyfingar og sérhljóða, t.d. því að orð í raddmálum þurfa yfirleitt að innihalda að minnsta kosti eitt sérhljóð og þar með eitt atkvæði og tákn í raddmálum þurfa að innihalda hreyfingu.⁴¹ Seinna skilyrðið kemur skýrast fram þegar hreyfingu er bætt

³⁹ Með upptalningunni /p, t, k/ er átt við lokhljóð sem eru fráblásin í baklægri gerð þótt fráblásturinn hverfi við afröddun undanfarandi hljóðs, sbr. orð eins og *lampi*. Fyllidreifingin á því við um baklæga gerð en ekki yfirborðsgerð.

⁴⁰ Scott Liddell, „THINK and BELIEVE. Sequentiality in American Sign Language“, *Language* 60, 1984, bls. 372–392.

⁴¹ Diane Brentari, „Sign Language Phonology“, *The Handbook of Phonological Theory*, ritstjórar John Goldsmith, Jason Riggle og Alan C. L. Yu, Chichester, UK: Blackwell Publishing, 2011, bls. 691–721, hér bls. 695–697.

við tákni til að uppfylla þetta skilyrði. Sem dæmi má nefna að töluorðin 1–9 í ASL hafa ekki hreyfingu í grunnmynd en bæta við sig hreyfingu þegar þau eru notuð ein og sér. Þessi aukahreyfing kemur ekki fram þegar þessi töluorð eru hluti af stærra tákni því þá bætist töluorðið við tákni sem hefur hreyfingu.⁴²

Að bæta hreyfingu við grunnmynd tákns er dæmi um innskot (e. *epenthesis*) í táknmálum en það er einnig vel þekkt fyrirbæri í raddmálum, sbr. *u*-innskot í íslensku. Af öðrum hljóðkerfisreglum sem finnast bæði í táknmálum og raddmálum má nefna brottfall (e. *deletion*) og samlögun (e. *assimilation*). Gott dæmi um það síðarnefnda í íslensku er samlögun /n/ í myndunarstað við eftirfarandi samhljóð eins og sýnt er hér að neðan:

- (3a) /n/ verður framgómmælt á undan framgómmæltu lokhljóði; sbr. *langir* [launçir]
- (3b) /n/ verður uppgómmælt á undan uppgómmæltu lokhljóði; sbr. *langur* [launçvr]
- (3c) /n/ er annars tannbergsmælt; sbr. *vinur* [vi:nvr], *undi* [ynti] og *ansa* [ansa]

Í táknmálum er algengt að samlögun í handformi verði í samsettum orðum þannig að einn hluti samsetta orðsins lagi sig að öðrum hluta þess.⁴³ Sem dæmi úr ÍTM má nefna táknið SAMSKIPTAMÍÐSTÖÐ þar sem handformin í MÍÐSTÖÐ samræmast handformunum í SAMSKIPTI.

Áður en skilið er við hljóðkerfisfræðina má nefna að mörkun (e. *markedness*) er mikilvægt fyrirbæri í táknmálum ekkert síður en raddmálum. Mörkun kemur fram í ólíkri stöðu sambærilegra eininga eða formdeilda í málkerfinu þar sem sumar eru hlutlausari og lúta færri hömlum en aðrar. Þær fyrrnefndu eru sagðar vera **ómarkaðar** (e. *unmarked*) en hinar síðarnefndu markaðar (e. *marked*). Skýrasta dæmið um mörkun í táknmálum tengist líklega handformum en ómörkuð handform eru frábrugðin öðrum handformum að því leyti að þau geta komið fyrir á óvirku hendinni (hendinni sem hreyfist ekki) í tveggja handa táknum og þau eru einu mögulegu handformin í táknum sem eru mynduð utan hins hefðbundna táknrýmis.⁴⁴ Ómörkuðu handformin eru yfirleitt þau handform sem auðveldast er að mynda og mest

⁴² Sama rit, bls. 696.

⁴³ Sjá Anne Baker o.fl., *The Linguistics of Sign Languages*, bls. 202–203.

⁴⁴ Robbin Battison, *Lexical Borrowing in American Sign Language*, bls. 36–47.

eru notuð í málinu og lærast fyrst á máltökuskeiði. Fjöldi ómarkaðra handforma er yfirleitt innan við 10 í hverju táknmáli.⁴⁵

Til samanburðar við ómörkuð handform í táknmálum má nefna að dreifing sérhljóða í íslensku bendir til þess að /i/, /a/ og /u/ séu ómörkuð gagnvart öðrum sérhljóðum málsins. Þannig eru þessi þrjú sérhljóð þau einu sem koma fyrir í beygingarendingum (sbr. *best-ur*, *best-i*, *best-ar*, *best-a*, *best-um*). Það eru því engar beygingarendingar í íslensku sem innihalda sérhljóð eins og /á/, /e/, /ó/, /o/, /í/ og svo framvegis. Annað dæmi um mörkun hljóða í íslensku eru rödduð og órödduð nefhljóð. Þau fyrrnefndu eru greinilega ómörkuð þar sem þau koma fyrir í alls kyns umhverfi en órödduðu nefhljóðin koma aðeins fyrir í framstöðu (*hneppa*) og á undan /p, t, k/ (sbr. *hampa*, *vanta*, *rýmka*).⁴⁶ Auk þess eru rödduð nefhljóð miklu algengari í tungumálum heims en órödduð svo segja má að rödduðu nefhljóðin séu ómörkuð út frá samanburði milli tungumála.

Orðhlutafræði

Orðhlutafræði snýst um morfem, minnstu merkingarbæru einingar málsins, og eiginleika þeirra. Í íslensku er þó hefð fyrir því að nota hugtakið beygingar- og orðmyndunarfræði af því að morfem eru bæði notuð í beygingum og orðmyndun. Og þar sem morfem koma við sögu í beygingum er nauðsynlegt að túlka hugtakið morfem þannig að það vísi einnig til orðhluta sem tákna beygingarlegar formdeildir eins og persónu, tölu, tíð, kyn og fall. Sum orð eru bara eitt morfem, sbr. *trú* eða *list*, en morfemum er einnig hægt að raða saman og búa til orð sem innihalda mörg morfem, sbr. *stóð-best-ur* eða *vill-u-kenn-ing*.

Táknmál hafa morfem sem merkingarbærar einingar ekkert síður en raddmál. Táknmál eru þó mjög samleit að því er varðar beygingar og orðmyndun í samanburði við raddmál. Til dæmis er ekki vitað um neitt táknmál sem hefur fall eða kyn sem beygingarformdeild nafnorða þótt ýmis raddmál hafi mjög ríkulega fall- og kynbeygingu, til dæmis íslenska.⁴⁷ Þá

⁴⁵ Um ómörkuð handform í ÍTM, sjá Elísu Guðrúnu Brynjólfsdóttur o.fl., „Málfræði íslenska tákn málsins“, bls. 17.

⁴⁶ Reyndar er það bara /n/ sem kemur fyrir í framstöðu. Um dreifingu nefhljóða í íslensku má lesa hjá Eiríki Rögnvaldssyni, *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*, Reykjavík, 2013, bls. 73–74.

⁴⁷ Þau örfáu tilvik þar sem fall eða kyn virðist vera táknað í beygingu tákn mála tengjast fornöfnum fremur en nafnorðum; sjá Josep Quer o.fl., *SignGram Blueprint*, bls.

er mjög sjaldgæft að tíð sé táknuð í sagnbeygingu í táknmálum en þess í stað eru notuð tímaatviksorð til að gefa tíma til kynna.⁴⁸ Í táknmálum eru vissulega beygingar, eins og til dæmis horf sagna eða áttbeyging, en þær eru yfirleitt tjáðar með sammyndun morfema fremur en raðmyndun eins og nánar verður rætt í kaflanum um áttbeygðar sagnir. Hins vegar er mjög lítið um viðskeyti og forskeyti í táknmálum og þau sem finnast eru notuð í orðmyndun.⁴⁹ Raðmyndun er þó sannarlega til eins og áður hefur komið fram og reyndar er samsetning tveggja eða fleiri orða algengasta aðferðin í táknmyndun, sbr. HÚS + FÉLAG.

Ólíkt táknmálum eru raddmál heims mjög fjölbreytileg hvað varðar orðhlutafræði og þetta kemur skýrt fram í hinni hefðbundnu skiptingu raddmála í fjórar málgerðir sem sjá má í (4):⁵⁰

- (4a) Rótamál (e. *isolating languages*): Tungumál sem hafa fá beygingaraðskeyti (sbr. kínverska).
- (4b) Einingamál (e. *agglutinative languages*): Tungumál þar sem hver beygingarþáttur er táknaður með einu eða í mesta lagi tveimur aðskeytum (sbr. tyrkneska).
- (4c) Samrunamál (e. *fusional languages*): Tungumál þar sem margir beygingarþættir eru táknaðir með sama aðskeytinu (sbr. latína).
- (4d) Innlimunarmál (e. *incorporating/polysynthetic languages*): Tungumál þar sem mjög mikið er af bundnum morfemum (sbr. grænlenska).

Af þessum flokkum líkjast táknmál ef til vill mest rótamálum, það er tungumálum eins og kínversku þar sem flest orð innihalda aðeins eina eða tvær rætur, beygingar eru fáar og bundin morfem eins og forskeyti og viðskeyti eru sjaldgæf.⁵¹ Táknmál eru hins vegar mjög ólík tungumálum sem hafa

139–140.

⁴⁸ Roland Pfau, Markus Steinbach og Bencie Woll, „Tense, Aspect, and Modality“, *Sign Language. An International Handbook*, ritstjórar Roland Pfau, Markus Steinbach og Bencie Woll, Berlin: De Gruyter Mouton, 2012, bls. 186–204, hér bls. 187–191. Ítalska táknmálið (LIS) er þó undantekning frá þessu; sjá Sandro Zucchi, „Along the Time Line. Tense and Time Adverbs in Italian Sign Language“, *Natural Language Semantics* 17, 2009, bls. 99–139.

⁴⁹ Mark Aronoff, Irit Meir og Wendy Sandler, „The Paradox of Sign Language Morphology“, *Language* 81: 2/2005, bls. 301–344.

⁵⁰ Bernard Comrie, *Language Universals and Linguistic Typology. Syntax and Morphology*, Chicago: University of Chicago Press, 1981.

⁵¹ Wei-Wen Roger Liao, „Morphology“, *The Handbook of Chinese Linguistics*, ritstjórar

ríkulega beygingu í mörgum orðflokkum og fjölda forskeyta og viðskeyta eins og íslenska, sem er nokkuð dæmigert samrunamál.

Þá einsleitni í orðhlutafræði táknmála sem hér hefur komið fram má að sumu leyti rekja til þess að táknmál eru mun yngri tungumál en flest raddmál en af þeim táknmálum sem töluð eru nú á dögum er ekkert eldra en 300–400 ára gamalt.⁵² Ungur aldur táknmála veldur því að tímaramminn er mjög stuttur fyrir málbreytingar eins og formvæðingu (e. *grammaticalization*) þar sem inntaksorð verða að kerfisorðum. Þekkt dæmi um þetta er hjálparsögnin *will* sem upphaflega merkti það sama og *vilja* í íslensku en er nú notuð til að tákna framtíð í ensku.⁵³ Í seinna skrefi geta kerfisorðin orðið að forskeytum eða viðskeytum; þetta má til dæmis sjá í viðskeytinu *-st* sem leitt er af afturbeygða fornafninu *sik* í fornu máli (*síg* í nútímamáli). Formvæðing af seinna taginu er vel þekkt í tungumálum sem hafa langa sögu, eins og til dæmis íslensku, en er mjög sjaldgæf í táknmálum.⁵⁴

Táknmálum má líkja við blendingsmál (e. *creoles*) þegar litið er til þess hvernig ungur aldur hefur mótað orðmyndun í táknmálum.⁵⁵ Ólíkt blendingsmálum hafa táknmál þó yfirleitt flóknar beygingar sem tengjast sögnum, það er áttbeygingu og horfabeygingu. Þessar beygingar byggjast einkum á sammyndun morfema og notkun táknrýmisins, til dæmis til að sýna samræmi við frumlag og andlag í áttbeygðum sögnum eins og nánar verður rætt síðar. Miðlunarháttur táknmála gegnir því lykilhlutverki í beygingum enda eru þær mjög oft tjáðar þannig að það endurspegli þá merkingu sem felst í beygingunni. Til dæmis er endurtekningarhorf (e. *iterative aspect*) táknað þannig í ASL að sögnin er endurtekin hægt; hröð endurtekning sagnar táknaðar hins vegar vanahorf (e. *habitual aspect*) í ASL, það er eitthvað sem gerist reglulega og er dæmigert fyrir þann sem frumlagið vísar til.⁵⁶

C.-T. James Huang, Y.-H. Audrey Li og Andrew Simpson, Wiley Blackwell, 2014, bls. 3–25.

⁵² Mark Aronoff, Irit Meir og Wendy Sandler, „The Paradox of Sign Language Morphology“, bls. 301–344.

⁵³ Ans van Kemenade, „The History of English Modals; a Reanalysis“, *Folia Linguistica Historica* 26, 1992, bls. 143–166.

⁵⁴ Roland Pfau og Markus Steinbach, „Modality-Independent and Modality-Specific Aspects of Grammaticalization in Sign Languages“, *Linguistics in Potsdam* 24, 2006, bls. 5–98.

⁵⁵ Mark Aronoff, Irit Meir og Wendy Sandler, „The Paradox of Sign Language Morphology“.

⁵⁶ Christian Georg Rathmann, *Event Structure in American Sign Language*, doktorsritgerð, The University of Texas at Austin, 2006, bls. 36–42.

Beygingar í táknmálum og raddmálum eru mjög sambærilegar hvað varðar beygingarþætti. Til dæmis skiptist tíðarhorf í táknmálum í marga flokka eftir merkingu (endurtekningarhorf, vanahorf, lokið horf og svo framvegis) en allir þessir flokkar koma fyrir í raddmálum.⁵⁷ Þá eru skýrar samsvaranir í því hvaða beygingarþættir eru helst táknadir með sérstöku morfemi. Til dæmis er ekki vitað um neitt tungumál, hvorki táknmál né raddmál, sem hefur sérstakt eintölumorfem í nafnorðum en ekkert fleirtölumorfem.⁵⁸ Hins vegar er auðvelt að finna tungumál þar sem fleirtalan er táknud sérstaklega í beygingunni en ekki eintalan. Gott dæmi um þetta er enska þar sem regluleg fleirtala nafnorða er táknud með beygingarendingum (sbr. *cat*-[s], *pig*-[z], *church*-es) en ekki er til nein ending fyrir eintölu.

Ýmsar hliðstæður eru milli tákn mála og radd mála í fleirtölumyndun nafnorða.⁵⁹ Til dæmis er endurtekning tákns útbreidd aðferð við að tjá fleirtölu í táknmálum og hún er líka til í sumum raddmálum. Þá er algengt, bæði í táknmálum og raddmálum, að fleirtalan sé ekki sérstaklega aðgreind frá eintölunni. Þannig er þetta til dæmis í ýmsum sterkum hvorugkynsorðum í íslensku (sbr. *svín*, *borð*, *hús*). Athugið að báðar þessar aðferðir geta komið fyrir í sama tungumálinu. Þannig er fleirtalan af STÓLL í þýska tákn málinu (DGS) mynduð með endurtekningu táknsins en hins vegar er ekki til sérstök fleirtala af táknuinu BÍLL í DGS.⁶⁰

Setningafræði

Líkindi milli tákn mála og radd mála eru mun skýrari í setningafræði en í hljóðkerfisfræði og orðhlutafræði enda snýst setningafræði um stærri einingar þar sem raðmyndun ræður ríkjum og miðlunarháttur hefur takmörkuð áhrif. Smæsta eining setningafræðinnar er orðið en orð raða sér saman í setningaliði og þeir geta myndað stærri setningaliði og auk þess líka heilar setningar.

Þótt rannsóknir á setningafræði tákn mála séu alls ekki jafnlangt komnar og rannsóknir á setningafræði radd mála er óhætt að fullyrða að táknmál hafi

⁵⁷ Sama rit, bls. 268.

⁵⁸ Sjá Greville G. Corbett, *Number*, Cambridge: Cambridge University Press, 2000. Samkvæmt þessu eru til tungumál sem hafa bæði eintölu- og fleirtölumorfem í nafnorðum en það eru þó væntanlega eingöngu raddmál.

⁵⁹ Roland Pfau og Markus Steinbach, „Pluralization in Sign and in Speech. A Cross-modal Typological Study“, *Linguistic Typology* 10, 2006, bls. 135–182.

⁶⁰ Sama rit. Um fleirtölumyndun nafnorða í ÍTM, sjá Sigurð Jól Vigfússon, „Fleirtala í íslensku tákn máli“, BA-ritgerð, Háskóla Íslands, 2020, <http://hdl.handle.net/1946/34841>.

nokkurn veginn sömu einingar í setningafræði og raddmál. Þannig skiptast orð í orðflokka, bæði í raddmálum og táknmálum, til dæmis nafnorð, sagnorð, lýsingarorð og atviksorð. Að vísu er ekki alltaf auðvelt að greina milli orðflokka í táknmálum því algengt er að sama tákníð geti bæði verið nafnorð og sagnorð eða lýsingarorð og atviksorð.⁶¹ Í sumum tilvikum getur beyging gefið til kynna orðflokk, til dæmis í nafnorðum sem hafa sérstaka fleirtölu-mynd eða sögnum sem geta tekið einhvers konar tíðarhorf, en oft er það setningafræðilegt samhengi sem greinir þarna á milli. Síðarnefnda atriðið má sjá í eftirfarandi dæmum úr ÍTM (sem tekin eru af is.signwiki.org) þar sem frumlagið er ósagt eins og algengt er í táknmálum:

- (5a) BIÐJA ÞÚ RÓLEGUR ‘Ég bið þig að vera rólegur.’ (lýsingarorð) <https://is.signwiki.org/index.php/Trufla>
- (5b) KEYRA RÓLEGUR ‘Við keyrðum rólega.’ (atviksorð) <https://is.signwiki.org/index.php/Sumarbústaður>

Í báðum þessum dæmum kemur fyrir tákn sem glósað er RÓLEGUR en af samhenginu í (5b) má ráða að þarna er það notað sem atviksorð enda er hlutverk þess að lýsa nánar sagnorðinu KEYRA.

Eins og áður hefur komið fram hafa táknmál yfirleitt mjög lítið af kerfis-orðum, það er orðum úr lokuðum orðfloknum sem hafa ekki skýra merkingu og gegna fremur málfræðilegu hlutverki. Hér má einkum nefna forsetningar og samtengingar. Reyndar má segja að forsetningar séu að miklu leyti óþarfar í táknmálum enda er auðvelt að sýna afstöðu hluta í táknryminu, til dæmis í setningum eins og ‘*Vasinn er á borðinu*’. Þá eru látbrigði iðulega notuð í stað samtenginga. Í ÍTM er t.d. hægt að sýna samtengingu setningaliða með því að færa efri hluta líkamans úr hlutlausri stöðu til hliðanna.⁶² Samtengingarnar OG, EN og EÐA eru reyndar til í ÍTM en þær voru sérstaklega búnar til vegna þess að heyrandi einstaklingar töldu ranglega að þessi tákn væru nauðsynleg.

⁶¹ Í sumum táknmálum eru til kerfisbundnar leiðir til að greina á milli sagna og nafnorða sem hafa sömu rót og eru merkingarlega skyld, sbr. SIT og CHAIR; sjá til dæmis Ted Supalla og Elissa L. Newport, „How Many Seats in a Chair? The Derivation of Nouns and Verbs in American Sign Language“, *Understanding Language through Sign Language Research*, ritstjóri Patricia Siple, New York: Academic Press, 1978, bls. 91–133.

⁶² Sjá Elísu Guðrínu Brynjólfssdóttur og Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur, „Að tengja saman epli og appelsínur. Aðaltengingar í íslenska táknmálinu“, *Íslenskt mál og almenn málfræði* 36, 2014, bls. 127–137.

Táknmál hafa setningaliði alveg eins og raddmál og hægt er að færa sams konar rök fyrir þeim og í raddmálum.⁶³ Þar að auki eru til rök fyrir setningaliðum sem eiga aðeins við um táknmál. Til dæmis hefur verið sýnt fram á að neitunarlátbrigði í táknmálum geta ekki náð yfir orðastreng sem myndar ekki heilan sagnlið, til dæmis aðalsögn og lýsingarorð sem er hluti af andlaginu, sbr. eftirfarandi dæmi úr DGS:⁶⁴

- _____hh
- (6a) MAÐUR BLÓM RAUÐUR KAUPA
- _____hh
- (6b) *MAÐUR BLÓM RAUÐUR KAUPA

Dæmi (6a) mætti þýða ‘*Maðurinn keypti rauð blóm*’ og þar ná neitunarlátbrigðin (hh = hrist höfuð) yfir allan sagnliðinn eins og línun yfir orðunum sýnir, þ.e. andlagið (*BLÓM RAUÐUR*) og sögnina (*KAUPA*). Hins vegar ná látbrigðin ekki yfir heilan setningalið í (6b) því strengurinn *RAUÐUR KAUPA* myndar ekki setningalið, aðeins hluta af sagnliðnum. Setningin er því ótak.

Það er líka vel þekkt að reglur setningafræðinnar byggjast á formgerð setninga en ekki orðatalningu og það á jafnt við um raddmál og táknmál. Til dæmis er ekki til nein setningafræðileg regla sem kveður á um að orð af tilteknum orðflokki eigi að vera þriðja orðið í setningum. Vissulega mætti halda því fram að slík regla þjóni ekki neinum tilgangi og sé því útilokuð í tungumálum heims en skýringar af þessu tagi virðast þó ekki gildar í setningafræði. Þetta má til dæmis sjá af reglunni um persónubeygða sögn í öðru sæti (e. Verb Second, V2) sem er fullkomlega tilgangslaus eftir því sem best verður séð. Athugið líka að þessi regla byggist á formgerð en ekki orðatalningu enda verður það sem kemur á undan sögninni að vera heill setningaliður og hann getur innihaldið mörg orð (sbr. *Allt fólkið í næsta húsi hef ég bitt oftar en einu sinni*).

Öll tungumál heims hafa einhvers konar takmarkanir á orðaröð; það er því ekki til neitt tungumál sem hefur algjörlega frjálsa orðaröð. Orðaröð

⁶³ Um setningaliði í ÍTM má fræðast hjá Elísu Guðrúnu Brynjólfsdóttur, „Hvað gerðir þú við peningana sem frúin í Hamborg gaf þér? Um myndun *hv*-spurninga í íslenska táknmálinu“, MA-ritgerð í almennum málvísindum, Háskóli Íslands, 2012, bls. 6–10, <http://hdl.handle.net/1946/12835>.

⁶⁴ Roland Pfau, „Applying Morphosyntactic and Phonological Readjustment Rules in Natural Language Negation“, *Modality and Structure in Signed and Spoken Languages*, ritstjórar Richard P. Meier, Kearsy Cormier og David Quinto-Pozos, Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 263–295, hér bls. 287.

virðist reyndar almennt vera frjálsari í táknmálum en raddmálum; þannig eru alls kyns raðir mögulegar í ÍTM sem ganga alls ekki í íslensku, til dæmis andlag á undan aðalsögn eins og í (7b) hér fyrir neðan. Eins og sjá má í (7a) getur aðalsögnin líka komið á undan andlagi og það er reyndar algengari röð í ÍTM.⁶⁵

(7a) STRÁKUR BORÐA OSTUR (sögn + andlag)

‘Strákur borðar ost’

(7b) STRÁKUR OSTUR BORÐA (andlag + sögn)

‘Strákur borðar ost’

Flest táknmál virðast hafa tiltekna grunnorðaröð, það er orðaröð sem er algengari og hlutlausari en aðrar raðir; til dæmis er grunnorðaröðin í ÍTM greinilega FSA (frumlag - sögn - andlag), eins og í (7a) hér að ofan.⁶⁶ Þó er rétt að hafa í huga að raddmál eru mjög ólík innbyrðis hvað varðar orðaröð því sum mál, eins og til dæmis enska, hafa tiltölulega fasta orðaröð en önnur, eins og til dæmis rússneska, hafa mjög frjálsa orðaröð.

Eitt mikilvægasta einkenni setningafræðinnar er endurkvæmni (e. *recursion*), það er sá möguleiki að hafa setningalið sem hluta af sams konar setningalið.⁶⁷ Dæmi um þetta er nafnliður sem er hluti af stærri nafnlið, til dæmis eignarfallseinkunnin *Jóns* í nafnliðnum *gagnrýni Jóns*. Annað dæmi er setning sem er hluti af annarri setningu, það er aukasetning. Í táknmálum er reyndar oft enginn formlegur munur á hliðskipuðum setningum og aukasetningum vegna þess hve tengingar eru lítið notaðar en þó hafa fræðimenn fært rök fyrir því að táknmál hafi aukasetningar og þar með endurkvæmni.⁶⁸ Þetta sést meðal annars á því að hægt er að beita kjarnafærslu út úr fallsetningu í ASL en það er ekki hægt út úr hliðskipaðri setningu.⁶⁹ Seinni staðreyndin er í samræmi við þekkt lögmál sem heitir hliðskipunarhamlan (e. *Coordinate Structure Constraint*).⁷⁰ Þennan mun á aukasetningum og hlið-

⁶⁵ Elísa Guðrún Brynjólfsdóttir o.fl., „Málfræði íslenska táknmálsins“, bls. 32.

⁶⁶ Sama rit, bls. 31–33.

⁶⁷ Það er reyndar ekki óumdeilt að endurkvæmni komi fyrir í öllum tungumálum heims en við látum það liggja milli hluta hér.

⁶⁸ Carol A. Padden, *Interaction of Morphology and Syntax in American Sign Language. Outstanding Dissertations in Linguistics*, New York: Garland, 1988, bls. 76–77.

⁶⁹ Þótt tengingu vanti er hægt að þekkja fallsetningar á því að þær standa með tilteknum umsögnum, til dæmis sögnum eins og *halda*, *vita* og *segja*, og líkjast andlögum.

⁷⁰ John Robert Ross, *Constraints on Variables in Syntax*, doktorsritgerð, MIT, 1967.

skipuðum setningum má líka sjá í íslensku, sbr. eftirfarandi dæmi þar sem eyðan eftir færða spurnarliðinn (*Hvaða bók*) er sýnd með undirstrikun:

- (8a) Hvaða bók heldur þú [að Jón vilji helst lesa ___]?
 (8b) *Hvaða bók var Guðrún í sólbaði en [Eiríkur las ___]?

Í dæmi (8a) hér fyrir ofan færirst spurnarliðurinn úr fallsetningu (*að Jón vilji helst lesa hvaða bók*) og niðurstaðan er tæk setning. Dæmi (8b) er hins vegar ótækt þar sem spurnarliðurinn er færður úr hliðskipaðri setningu. Í þessu dæmi er það aðaltengingin *en* sem tengir saman setningarnar, það er *Guðrún var í sólbaði* og *Eiríkur las hvaða bók*. Athugið líka að spurningin í (8b) er merkingarlega tæk þótt hún sé setningafræðilega ótæk enda er hægt að svara henni, til dæmis með setningunni *Guðrún var í sólbaði en Eiríkur las Andrés önd*.

Miðlunaráhrif

Í undanförunum köflum hefur verið fjallað um margvísleg atriði sem táknmál og raddmál eiga sameiginleg. Í þessum kafla verður athyglinni hins vegar beint að því sem skilur á milli táknmála og raddmála og tengist þeirri staðreynd að táknmálum er miðlað á allt annan hátt en raddmálum. Í táknmálsfræðum er yfirleitt talað um miðlunaráhrif (e. *modality effects*) í þessu sambandi en þau byggjast einkum á því að táknmál bjóða upp á fjölbreytilega notkun táknrýmisins sem á sér enga samsvörun í raddmálum. Miðlunaráhrif birtast á ýmsan hátt og því verður fjallað um þau hér með hliðsjón af endurspeglandi myndun einstakra tákna og einnig málfræðilegum atriðum, það er áttbeygðum sögnum og fornöfnum.

Endurspeglun

Í táknuinu FLUGA í ÍTM, sem áður var rætt um, er greinilega líkt eftir því hvernig flugur fljúga. Þetta tákni er því endurspeglandi (e. *iconic*) eins og sagt er þar sem því er ætlað að endurspeglar raunveruleikann.⁷¹ Eins og nefnt var hér að framan getur endurspeglun líka komið fram í beygingum í táknmálum en hér verður eingöngu fjallað um endurspeglandi orð.

Fjölmörg tákni í ÍTM og öðrum táknmálum eru endurspeglandi á einhvern hátt. Þessi tákni eru þó ekki endilega auðskilin þeim sem ekki kunna viðkom-

⁷¹ Hugtakið endurmyndun hefur líka verið notað um þetta fyrirbæri.

andi táknmál.⁷² Þetta má til dæmis sjá í táknunum SMJÖR (<https://is.signwiki.org/index.php/Smjör>), RAUÐUR (<https://is.signwiki.org/index.php/Rauður>) og HUGMYND (<https://is.signwiki.org/index.php/Hugmynd>). Í fyrsta táknu er vísað til þess hvernig smjóri er smurt á brauð, í næsta tákni er vísifingri rennt eftir efsta hluta hökunnar og þar með beint fyrir neðan rauðar varir og í því síðasta er flötum lófa slegið tvisvar sinnum hægra megin á ennið (en vinstra megin ef táknaþingurinn er örvhendur) og þar með vísað til hugsunar. Sennilega eru fá tákni í ÍTM svo endurspeglandi að allir ættu að átta sig á merkingu þeirra strax við fyrstu sýn en þetta hefur þó ekki verið rannsakað.

Endurspeglun í táknmálum vekur óneitanlega spurningar um þá almennt viðurkennda kenningu að samband forms og merkingar orða sé tilviljana-kennt í tungumálum en hún er yfirleitt eignuð svissneska málfræðingnum Ferdinand de Saussure (1857–1913).⁷³ Þessi kenning á betur við um raddmál enda er mjög auðvelt að benda á orð í raddmálum sem falla undir þessa kenningu. Það er til dæmis ekkert við íslenska orðið *hundur* sem segir okkur hvers konar fyrirbæri þetta er. Samt sem áður eru dæmi um endurspeglun í raddmálum, einkum svonefndir hljóðgervingar en það eru meðal annars orð sem líkja eftir hljóðum úr náttúrunni, sbr. *voffi* eða *brabra*. Auk þess mætti nefna sagnir eins og *ískra*, *blístra* og *hvískra* sem minna óneitanlega á hljóðin sem þær lýsa.⁷⁴ Það er líka vel þekkt að hljóð geta gefið til kynna tiltekna eiginleika orðsins en þetta fyrirbæri nefnist hljóðtáknun (e. *sound symbolism*). Til dæmis hafa rannsóknir á tilbúnum orðum sýnt að málnotendur tengja fjarlæg og uppmælt sérhljóð eins og /a/ við stóra hluti en nálæg og fram-
mælt sérhljóð eins og /i/ eða /i/ við litla hluti.⁷⁵

Hljóðtáknun getur líka skipt miklu máli í ljóðum og mörg skáld eru mjög meðvituð um það hvernig hljómrænir eiginleikar ljóðs geta ýtt undir þá til-

⁷² Elena Pizzuto og Virginia Volterra, „Iconicity and Transparency in Sign Languages. A cross-linguistic Cross-cultural view“, *The Signs of Language Revisited. An Anthology to Honor Ursula Bellugi and Edward Klima*, ritstjórar Karen Emmorey og Harlan Lane, Hillsdale, NJ: Erlbaum, 2000, bls. 261–286.

⁷³ Ferdinand de Saussure, *Course in General Linguistics*, ritstjórar Perry Meisel og Haun Saussy, þýðandi Wade Baskin, New York: Columbia University Press, 2011, bls. 67–70.

⁷⁴ Kristján Árnason, *Still og bragur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2013, bls. 401.

⁷⁵ Kazuko Shinohara og Shigetō Kawahara, „A Cross-linguistic Study of Sound Symbolism. The Images of Size“, *Annual Meeting of the Berkeley Linguistics Society* 36: 1/2010, bls. 396–410. Óformlegar kannanir sem ég hef gert benda til þess að þetta eigi líka við um íslensku.

finningu sem ljóðið á að vekja í huga lesandans.⁷⁶ Gott dæmi um þetta má finna í eftirfarandi línunum í ljóðinu *Hvarf séra Odds frá Miklabæ* eftir Einar Benediktsson þar sem s-hljóðin eru allsráðandi og eiga að líkja eftir vindinum og jafnframt kalla fram óhugnað hjá lesandanum:⁷⁷

- (9) Hátt slær nösnum hvæstum
 hestur í veðri geystu.
 Gjóstá af hjalla hæstum
 hvín í faxi reistu.

Niðurstaðan er því sú að þótt endurspeglun sé mun algengari í táknmálum en raddmálum er hér ekki um grundvallarmun að ræða. Það virðist frekar sem öll tungumál hafi tilhneigingu til endurspeglunar en tækifæri til endurspeglunar séu einfaldlega margfalt fleiri í táknmálum.⁷⁸

Áttbeygðar sagnir

Eitt af því sem einkennir táknmál en á sér enga samsvörun í raddmálum er þrískipting sagna í venjulegar sagnir (e. *plain verbs*), áttbeygðar sagnir (e. *agreement/indicating verbs*) og próformasagnir (e. *classifier/spatial verbs*). Hér verður fjallað um áttbeygðar sagnir þar sem þær eru gott dæmi um miðlunaráhrif í táknmálum þótt fræðimenn séu reyndar langt frá því að vera sammála um fræðilega greiningu á þessum flokki sagna.⁷⁹ Athugið að lýsingin hér að neðan tekur mið af ÍTM en það skiptir þó ekki öllu máli þar sem áttbeygðar sagnir eru mjög líkar frá einu táknmáli til annars.⁸⁰

⁷⁶ Sjá Cynthia Whissell, „Sound Symbolism in Shakespeare’s Sonnets. Evidence of Dramatic Tension in the Interplay of Harsh and Gentle Sounds“, *English Language and Literature Studies* 7: 4/2017, bls. 1–10; Þórður Helgason, „Ljóðahljóð. Um mátt hljóms og hljóða í íslenskri ljóðlist“, *Són* 13, 2015, bls. 37–108.

⁷⁷ Óskar Helgason, *Bragur og ljóðstill*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1977, bls. 32.

⁷⁸ Scott Liddell, „Modality Effects and Conflicting Agendas“, *The Study of Signed Languages. Essays in Honor of William C. Stokoe*, ritstjórar David F. Armstrong, Michael A. Karchmer og John Vickrey Van Cleve, Washington, DC: Gallaudet University Press, 2002, bls. 53–81, hér bls. 65–67.

⁷⁹ Sjá til dæmis Roland Pfau, Martin Salzmann og Markus Steinbach, „The Syntax of Sign Language Agreement. Common Ingredients, but Unusual Recipe“, *Glossa*, 3, 2018, bls. 1–46; Adam Schembri, Jordan Fenlon og Kearsy Cormier, „Indicating Verbs as Typologically Unique Constructions: Reconsidering Verb ‘Agreement’ in Sign Languages“, *Glossa* 94: 1/2018, bls. 84–118.

⁸⁰ Um ÍTM, sjá Kristínu Lenu Þorvaldsdóttur, „Sagnir í íslenska táknmálinu: formleg



Mynd 7 HJÁLPA

Áttbeygðar sagnir einkennast af því að þær sýna samræmi við frumlag og andlag. Þetta samræmi byggist á sama kerfi og persónufornöfn en þau eru mynduð með því að benda með vísifingri á þann eða það sem átt er við, svonefnt vísimið (e. *referent*). Hvert vísimið hefur sitt hólfi (e. *locus*) eða stað í táknrýminu fyrir framan táknaðann. Þátttakendur í samtalinu fá hólfi í samræmi við raunverulega staðsetningu en táknaði úthlutar öðrum sem vísað er til hólfi eftir hentugleikum. Hólfi fyrir fyrstu persónu eintölu er alltaf efri hluti líkama táknaðara en önnur persóna eintölu hefur hólfi beint fyrir framan táknaðara eða til hliðar við hann. Ekki er gerður málfræðilegur greinarmunur á annarri og þriðju persónu enda getur hólfi fyrir báðar persónur verið það sama.

Til að útskýra betur samræmi í áttbeygðum sögnum má taka tvö dæmi um sögnina HJÁLPA úr ÍTM (sjá mynd 7): Í setningu þar sem áttbeygða sögnin HJÁLPA tekur frumlag í 1. persónu eintölu og andlag í 2. persónu eintölu (‘Ég hjálpa þér’) er upphafsmyndunarstaður táknsins við hólfi táknaðans í táknrýminu en lokamyndunarstaður er við hólfi viðmælandans. Sé frumlagið hins

einkenni og málfræðilegar formdeildir“, MA-ritgerð í íslenskrumálfræði, Háskóla Íslands, 2011, <http://hdl.handle.net/1946/9997>; Jóhannes Gísli Jónsson, Kristín Lena Þorvaldsdóttir og Rannveig Sverrisdóttir, „Agreement Verbs in Icelandic Sign Language“, *Different Faces of Sign Language Research*, ritstjóri Pawel Rutkowski, Warsaw: University of Warsaw Press, 2017, bls. 145–175.

vegar 2. persóna eintala og frumlagið 1. persóna eintala ('Þú hjálpar mér') byrjar myndun táknsins í hólfi viðmælandans og endar í hólfi mælandans sem er við líkama táknaans. Í þessum dæmum er samræmið táknað með hreyfingu þar sem sögnin færir frá frumlagi til andlags. Samræmi er líka hægt að sýna með afstöðu fingurgómanna (frá frumlagi til andlags) eða bæði hreyfingu og afstöðu, allt eftir því hver áttbeygða sögnin er. Til dæmis er fyrirnefnda aðferðin notuð með áttbeygðu sögninni KENNA en sú síðarnefnda með HEIMSÆKJA.

Áttbeygðar sagnir í táknmálum hafa ýmis einkenni sem stinga í stúf við samræmisbeygingu sagna í raddmálum. Þannig sýna áttbeygðar sagnir persónusamræmi við frumlag og andlag en tölusamræmi er aðeins við andlag og stundum líka persónusamræmi. Þar að auki eru það einungis áhrifssagnir sem áttbeygjast, bæði sagnir með einu og tveimur andlögum, en í seinna tilvikinu samræmist sögnin aðeins óbeina andlaginu. Í raddmálum er samræmisbeyging ekki bundin við tiltekinn flokk sagna og þar að auki er samræmi við andlag háð því að samræmi við frumlag sé einnig mögulegt í viðkomandi tungumáli.⁸¹

Í dæmunum hér að framan um sögnina HJÁLPA felur áttbeygingin í sér styttingu miðað við það að tjá persónufornöfnin sem sjálfstæð tákni, það er ÉG HJÁLPA ÞÚ ('Ég hjálpa þér') eða ÞÚ HJÁLPA ÉG ('Þú hjálpar mér'). Þessi stytting er möguleg vegna þess að táknrýmið er notað til að sýna hreyfinguna frá frumlagi til andlags sem tjáir áttbeyginguna en raddmál hafa ekkert sem samsvarar táknrýminu. Miðlunarháttur raddmála býður því einfaldlega ekki upp á sagnflokk sem samsvarar áttbeygðum sögnum í táknmálum.

Svo vikið sé að einstökum atriðum má nefna að sumar áttbeygðar sagnir sambeygjast aðeins andlaginu. Í ÍTM er ein slík sögn, LÁTA-VITA (https://is.signwiki.org/index.php/Láta_vita), en önnur táknmál hafa fleiri sagnir af þessu tagi.⁸² Þessar sagnir eiga það sameiginlegt að þær eru allar myndaðar á eða við líkama táknaans, oftast andlit. Þannig er sögnin LÁTA-VITA mynduð á enni táknaans og þaðan er hún færð út í táknrýmið þannig að fingurgómar snúi að andlagi í 2./3. persónu. Ef andlag er hins vegar í 1. persónu eintölu snerta fingurgómar öxl óvirku handar táknaans.⁸³ Upphafsmýndunarstaður sagnarinnar LÁTA-VITA gerir það að verkum að ekki er hægt að sýna samræmi við frumlag því hreyfingin sem tjáir áttbeyginguna (ásamt afstöðu lófanna)

⁸¹ Sjá til dæmis Mark C. Baker, „On Agreement and its Relationship to Case. Some Generative Ideas and Results“, *Lingua* 130, 2013, bls. 14–32.

⁸² Kristín Lena Þorvaldsdóttir, „Sagnir í íslenska táknmálinu“, bls. 40.

⁸³ Sama rit, bls. 104.

verður að vera frá hólfri frumlagsins. Þetta er greinilegt dæmi um miðlunar-áhrif því frumlagssamræmi er ekki mögulegt nema upphafsmyndunarstaður táknsins sé í táknrýminu.

Fornöfn

Miðlunaráhrif koma líka fram í fornöfnum.⁸⁴ Þannig eru fornöfn sjaldnast tvíræð í táknmálum þar sem hólfín fyrir hvert vísimið í táknrýminu eiga að sýna ótvírætt hvern við er átt. Í raddmálum getur hins vegar hæglega komið fram tvíræðni, til dæmis í eftirfarandi setningu þar sem fornafrnið *hún* getur bæði vísað til *Maríu* og *Siggu*:⁸⁵

(10) *María sagði Sigu að hún væri mjög kærulaus*

Tvíræðnin í (10) helgast af því að fornafrnið *hún* vísar til kvenkynsorða í íslensku en ekki tiltekinna einstaklinga og hér eru nefndar tvær konur sem fornafrnið gæti vísað til. Samsvarandi setning í táknmáli gæti ekki verið tvíræð þar sem tákarni yrði að vísa annaðhvort í hólfíð fyrir *Sigu* eða *Maríu* til að tjá persónufornafrnið.

Annað sem skilur á milli fornafrna í táknmálum og raddmálum er að það virðast vera óendanlega mörg hólf fyrir vísimið í 2. og 3. persónu og því er ekki hægt að telja upp fornöfn í 2. og 3. persónu í táknmálum. Í raddmálum er þetta hins vegar einfalt mál; til dæmis er íslenska með eftirfarandi persónufornafrni í 2. og 3. persónu: *hú* (2.p.et.), *bann*, *hún* og *það* (3.p.et.), *þið* (2.p.ft.) og *þeir*, *þær* og *þau* (3.p.ft.). Þetta er skýrt dæmi um miðlunaráhrif því táknrýmið er þrívítt og hefur engin skýr ytri mörk og þess vegna er mjög erfitt að takmarka fjölda vísimiða í táknrýminu.⁸⁶

Lokaorð

Í þessari grein hefur verið fjallað um fjölmörg atriði sem táknmál og raddmál eiga sameiginleg og sýna að táknmál og raddmál byggjast á sams konar grunni þótt þeim sé miðlað á mjög ólíkan hátt. Þessi atriði tengjast málkerfinu sjálfu, þar á meðal kerfi merkingarlausra eininga (hljóðkerfinu), en einnig málnotkun og máltöku. Í þessum sameiginlega grunni felst líka að

⁸⁴ Diane Lillo-Martin, „Where are All the Modality Effects?“, bls. 241–262.

⁸⁵ Ef samhengið leyfir getur fornafrnið reyndar líka vísað til konu sem áður hefur verið nefnd.

⁸⁶ Diane Lillo-Martin, „Where are All the Modality Effects?“, bls. 245.

táknmál og raddmál lúta ýmiss konar hömlum, þar á meðal hömlum sem tengjast samspili ólíkra sviða málkerfisins. En þar sem fram kemur reglubundinn munur í málkerfi tákn mála og radd mála er það oft vegna ólíks miðlunarháttar eins og sjá má í samræmisbeygingu sagna og fornöfnum.

Vegna gerólíks miðlunarháttar er skiljanlegt að fræðimenn fyrri tíma skyldu hafa talið að táknmál væru ekki fullkomin tungumál eins og raddmál og miklu einfaldari að byggingu. En til að sýna fram á líkindi tákn mála og radd mála þarf rannsóknir og fræðilega greiningu en það var ekki fyrr en á seinni hluta síðustu aldar sem farið var að rannsaka táknmál út frá hugtökum og hugmyndum nútímamálvísinda. Rannsóknasaga tákn mála er því góð áminning um mikilvægi gagnrýninnar hugsunar og vísindalegra vinnubragna.⁸⁷

ÚTDRÁTTUR

Þótt tákn málum sé miðlað á gerólíkan hátt en raddmálum, það er með handahreyfingum og ýmiss konar látbrigðum, er hægt að sýna fram á að táknmál hafi málfræðilega formgerð sem er í grundvallaratriðum eins og í raddmálum. Það eru þó ekki nema rétt rúm 60 ár síðan það var fyrst gert en fram að þeim tíma höfðu alls kyns ranghugmyndir verið uppi meðal fræðimanna um eðli tákn mála enda voru þá engar rannsóknir til að styðjast við. Hinn sameiginlegi grunnur tákn mála og radd mála verður aðeins leiddur í ljós með rannsóknnum og fræðilegri greiningu sem tekur mið af ýmsum óhlutstæðum eiginleikum tungumála sem eru óháðar miðlunarhætti.

Í þessari grein verður fjallað um fjölmörg atriði sem táknmál og raddmál eiga sameiginleg og tengjast málkerfinu sjálfu, þar á meðal kerfi merkingarlausra eininga (hljóðkerfinu), en einnig málnotkun og máltöku. Einnig verður sýnt fram á að táknmál og raddmál lúta ýmiss konar hömlum, til dæmis þeim sem tengjast samspili ólíkra sviða málkerfisins. En þar sem fram kemur reglubundinn munur í málkerfi tákn mála og radd mála er það oft afleiðing af ólíkum miðlunarhætti.

Lykilorð: hljóðkerfisfræði, málnotkun, máltaka, miðlunarháttur, orðhlutafræði, raddmál, setningafræði, táknmál

⁸⁷ Ég vil þakka Rannveigu Sværrisdóttur og Valgerði Stefánsdóttur fyrir vandaðan yfirllestur og umræður um efni greinarinnar og nafnlausum ritrýnum fyrir gagnlegar ábendingar.

A B S T R A C T

**Signed and spoken languages
Two branches of the same tree**

Although sign languages are transmitted in a totally different way from spoken languages, i.e. with hand movements and various non-manuals, it can be shown that sign languages have a grammatical structure that is fundamentally the same as in spoken languages. Still, it was only some 60 years ago that this was done for the first time but until then various myths had prevailed among scholars as they had no research to build on. The common base for signed and spoken languages can only be revealed through research and theoretical analysis that takes into account various abstract properties of languages that are independent of modality.

This paper discusses various common properties of signed and spoken languages that relate to the grammatical system itself, including the system of meaningless units (phonology), but also language use and language acquisition. It will also be shown that signed and spoken languages obey various constraints, e.g. those concerning the interface between different parts of the grammar. Wherever a systematic difference appears in the grammatical system of signed and spoken languages it is often due to different modalities.

Keywords: phonology, language use, language acquisition, modality, morphology, spoken languages, syntax, sign languages

JÓHANNES GÍSLI JÓNSSON

prófessor í íslenskri málfræði

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasvið

ÍS-102, Reykjavík, Ísland

jj@hi.is

